



REGLUGERÐ

Um ferðalög innanlands og utanlands á vegum ÍHÍ

1. gr.

Íþróttafólk, fararstjórar, liðstjórar, þjálfarar og dómarar skulu ávallt vera til fyrirmyndar um alla framkomu í ferðum sínum á vegum ÍHÍ, sýna skal hæversku og reglusemi á leikvangi jafnt innan sem utan hans.

2. gr.

Æðsta vald meðan á ferð stendur hafa fararstjórar. Fararstjóri er ábyrgur gagnvart stjórn ÍHÍ og skal hann skila skýrslu til hlutaðeigandi eigi síðar en 15 dögum eftir heimkomu, þetta á einungis við um ferðir erlendis.

Íþróttafólk og aðrir flokksmenn skulu einnig fara að fyrirmælum þjálfara og öðrum þeim er fararstjóri kann að fá vald. Hverju félagi er skylt að tilnefna ábyrgðarmann í hverri keppnisferð í ferðum yngri flokka.

3. gr.

Fararstjórar skulu hafa vakandi auga með hegðun flokksmanna og gera þeim aðvart, ef þeir telja einhverju í framkomu þeirra ábótavant og er þeim heimilt að útiloka keppenda / keppendur frá keppni eða sýningu og jafnvel senda þá heim, ef um verulegt brot er að ræða, að áliti fararstjóra, getur fararstjóri kært hina brotlegu til hlutaðeigandi dómstóls til dómsúrskurðar.

4. gr.

Keppendum er heimilt, þegar heim er komið, að kæra að þeirra dómi óviðeigandi framferði fararstjóra til viðkomandi dómstóls.

5. gr.

Óskert skal heimild þess aðila, sem að förlinni stendur og annarra, sem rétt kunna að hafa til samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ, til refsiaðgerða eftir heimkomu flokks, þótt fararstjóri hafi ekki notað sér heimild 3. greinar.